

Iceland Seafood hefur náð samkomulagi um helstu skilmála vegna kaupa á Elba S.L. Kaupin munu enn frekar styrkja góða stöðu félagsins í Suður Evrópu

Iceland Seafood hefur náð samkomulagi við GPG seafood ehf og IceMar ehf, núverandi eigendur Elba S.L. („Elba“) um helstu skilmála vegna fyrirhugaðra kaupa á félaginu. Aðilar eru sammála um að ljúka gerð kaupsamnings eins fljótt og auðið er. Kaupin verða með hefðbundnum fyrirvörum um áreiðanleikakönnun og samþykki stjórnar, áformað er að Iceland Seafood taki við félaginu í árslok 2019.

Staða Elbu á Spánarmarkaði er sterk en félagið framleiðir og selur léttsaltaðar þorskafurðir. Félagið er staðsett í Barcelona og selur um 2.200 tonn af afurðum á ársgrundvelli. Félagið selur vörur undir vörumerkinu **EIBA**, sem hefur sterka ímynd á markaði sem gæðavara. Áætluð sala félagsins er um €14,5 milljónir í ár og EBITDA er áætluð um €450 þúsund.

Samkomulag aðila gerir ráð fyrir að Iceland Seafood muni kaupa 100% eignahlut á €4,4 milljónir á „debt free/cash free“ grunni. Gert er ráð fyrir að helmingur kaupverðs verði greiddur með reiðufé og helmingur með nýjum hlutabréfum í Iceland Seafood. Að því gefnu að öll skilyrði verði uppfyllt og miðað við samkomulag milli aðila þá munu núverandi hluthafar Elba eignast um 1,2% hlut í Iceland Seafood eftir söluna.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood International

„Elba verður frábær viðbót við þá starfsemi sem við rekum á Spáni og gerir okkur kleift að nýta enn frekar okkar sterku dreifileiðir og framleiðslu á þessum stærsta markaði fyrir íslenskar þorskafurðir. Við trúum því að þessi viðskipti verði til hagsbótar fyrir hluthafa okkar, viðskiptavinum og birgja. Kaupin eru í fullu samræmi við stefnu okkar um að leggja áherslu á vöxt á okkar lykilmörkuðum þar sem við höfum nú þegar sterkan grunn og markaðsstöðu. Á sama tíma vil ég bjóða GPG Seafood og IceMar velkomin í hluthafahópin og við bjóðum starfsmenn Elba á Spáni velkomin í Iceland Seafood fjölskylduna. Við hlökkum til samstarfsins.“

Gunnlaugur Hreinsson, Stjórnarformaður GPG Seafood ehf

„Það er spennandi skref fyrir Elba að tengjast starfsemi Iceland Seafood á Spáni sterkum böndum og verða hluti af leiðandi félagi í Suður Evrópu á sviði sjávarfangs. Við trúum því sömuleiðis að viðskiptin muni enn frekar styrkja sambandið milli GPG Seafood og Iceland Seafood og verði báðum aðilum til hagsbóta á komandi árum.“

Gunnar Örlygsson, Stjórnarformaður IceMar ehf

„Tíminn frá því við keyptum Elba á árinu 2017 hefur verið einstaklega skemmtilegur. Við höfum átt árangursríkt samstarf við stjórnendur og starfsmenn félagsins. Elba er nú enn sterkara félag sem byggir á góðum grunni og mun verða frábær viðbót við starfsemi Iceland Seafood á Spáni.“

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Ármannsson á netfanginu bjarni.armannsson@icelandseafood.com